

**Nr. 17-051 S 034 Sæfari SK 100****Skipverji slasast á hendi**

Skipaskr.nr. 2512  
Smíðaður: Akranes 2001, plast  
Stærð: 5,4 brl. 4,6 bt.  
Mesta lengd: 8,62 m Skráð lengd: 7,69 m  
Breidd: 2,48 m Dýpt: 0,92 m  
Vél: Perkins 156 kW, 2001  
Fjöldi skipverja: 2

**Gögn:**  
Gögn RNSA



Sæfari©Hafþór Hreiðarsson

Málið afgreitt á fundi 18. ágúst 2017 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni.

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 19. apríl 2017 var Sæfari SK 100 við bryggju á Sauðárkrók.

Sæfari hafði verið á grásleppuveiðum og voru skipverjar að landa úr bátnum. Annar skipverjanna var á bryggjunni og ætlaði að lyfta undir fiskikar til að hvolfa úr því. Við þetta missti hann jafnvægið og rann til með þeim afleiðingum að hann missti takið á karinu. Klemmdist þá vísifingur hægri handar á milli kara.

**Við rannsókn kom fram:**

- að búið var að landa úr bátnum og allur aflinn kominn á bryggjuna;
- að skipverjar voru að færa fiskinn á milli fiskikara á bryggjunni sem voru síðan sett á flutningabíl;
- að fiskikarið sem tilheyrði bátnum var úr áli og sérsníðað fyrir hann;
- að álkarið var sett á hliðina ofan á annað plastkar sem var á hvolfi og sturtað ofan í þriðja karið;
- að skipverjinn klemmdi sig þegar hann var að lyfta undir álkarið til að tæma úr því;
- að lyftari var til staðar á bryggjunni en hann var ekki með snúningsgöflum.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.